



Námsbók barnsins

Þróunarverkefni í leikskólum í Garðabæ

Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Karlsdóttir

12.5.2014



Efnisyfirlit

NAFN	3
VERKEFNISSTJÓRI	3
ÞÁTTTAKENDUR	3
MARKMIÐ	3
FRAMKVÆMD	4
NIÐURSTÖÐUR	6
HVAÐ ER MIKILVÆGT AÐ META?	7
HVERNIG Á AÐ SKRÁ NÁMSSÖGUR?	7
HVERNIG GEKK NÁMSSÖGUSKRÁNINGIN?	8
HVAR, HVENÆR, HVERSU OFT OG HVERNIG Á AÐ SKRÁ NÁMSSÖGUR?	10
NÁMSSAGA FREYJU	11
NÁMSSAGA KRISTÍNAR.....	11
LITLA HAFMEYJAN	13
AF HVERJU EIGA BÖRN AÐ ÍGRUNDA EIGIÐ NÁM?.....	14
BÖRN SEM STARFSFÓLK HEFUR ÁHYGGJUR AF	15
MAT Á VERKEFNI	15
ÁÆTLUN UM KYNNINGU	17
LOKAORÐ	17
HEIMILDIR	19

Nafn

Námsbók barnsins

Verkefnisstjóri

Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Karlsdóttir lektor

Þátttakendur

Þeir deildarstjórar sem völdu að taka þátt í verkefninu voru 26 og voru þeir frá leikskólanum Ökrum, leikskóladeild Barnaskóla Hjallastefnunnar, heilsuleikskólanum Holtakoti, Hæðarbóli, Kirkjubóli, náttúruleikskólanum Krakkakoti, Lundabóli og Sjálandi í Garðabæ.

Markmið

Í þessu verkefni fengu deildarstjórar í átta leikskólum fræðslu um námssögur sem matsaðferð til að meta nám barna í leikskólum í Garðabæ. Sjónum var beint að styrkleikum barnanna og áhugasviði. Markmið verkefnisins var að þróa einstaklingsmiðað mat á námi barna í leikskólum Garðabæjar. Í námsbók barnsins verður safnað upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Greint var hvaða upplýsingar koma að gagni og þróaðar aðferðir við að afla þeirra. Upplýsingarnar verða nýttar til að a) styðja við frekara nám barnanna b) skipuleggja leikskólastarfið c) efla samvinnu við foreldra við að styðja við nám barnanna.

Stefnt var að því að verkefninu loknu:

- ✓ að leikskólakennarar auki skilning sinn á einstaklingsmiðuðu mati á námi og framförum hvers barns
- ✓ að leikskólakennarar meti nám barna á þann hátt að það styðji við sjálfsmynd barnsins og sjálfstraust
- ✓ að leikskólakennarar nýti mat á námi barna til þess að skipuleggja leikskólastarfið út frá námsþörfum þeirra
- ✓ að leikskólakennarar meti nám barna í samvinnu, umræðu og ígrundun sín á milli og með foreldrum og börnum
- ✓ að leikskólakennarar öðlast færni í að skrá námssögur um hvert einstakt barn og læra fjölbreyttar aðferðir við að skrá upplýsingar um nám og framfarir barna

- ✓ að gerður verði rammi í hverju leikskóla um námsbók barnsins sem hefur að geyma upplýsingar um nám hvers einstaks barns, hneigð þess til náms og framfarir á meðan á leikskóladvöl þess stendur

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla¹ er markmið mats á námi og velferð barna að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barns á þroska þess, námi og líðan. Þegar nám barna og líðan er metið á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni en talið er að börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu. Tilhneiging hefur verið innan leikskóla að nota aldurstengda þroskalista og merkja við afmarkaða færniþætti barna í stað þess að koma auga á hæfni, færni og þátttöku hvers barns í barnahópnum. Skráning námssagna er aðferð sem þróuð hefur verið á Nýja Sjálandi og verið er að þróa hér á Íslandi.²

Framkvæmd

Verkefnið var þríþætt; í fyrsta lagi var boðið upp á fræðslu um skráningu námssagna, í öðru lagi var um að ræða þátttöku deildarstjóranna um hvernig þeir skráðu og mátu nám barna og í þriðja lagi miðlun á þekkingu og reynslu til samstarfsfólks. Má því segja að í verkefninu hafi falist starfendarannsóknarvinkill. Leikskólakennarar, sem taka þátt í starfendarannsóknunum, beina athyglinni að eigin starfi, þeir móta og prófa sig áfram með nýjar leiðir.³ Þannig læra þeir af eigin reynslu og gera þá reynslu aðgengilega fyrir aðra.⁴ Deildarstjórnarnir höfðu jafnframt það hlutverk að deila þekkingu og reynslu með samstarfsfólki sínu.

Þeir deildarstjórnar sem völdu að taka þátt í verkefninu voru 26 og voru þeir frá leikskólanum Ökrum, leikskóladeild Barnaskóla Hjallastefnunnar, heilsuleikskólanum Holtakoti, Hæðarbóli, Kirkjubóli, náttúruleikskólanum Krakkakoti, Lundabóli og Sjálandi í Garðabæ. Þeir hittust á mánaðarlegum fundum veturinn 2013 - 2014 undir stjórn Önnu

¹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

² Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008

³ Koshy, 2008; McNiff, Lomax og Whitehead, 2003.

⁴ Kemmis og McTaggart, 1988,

Magneu Hreinsdóttir leikskólafulltrúa Garðabæjar og Kristínar Karlsdóttur, lektors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Deildarstjórnarnir fengu fræðslu um námssöguskráningar sem þróaðar voru í Nýja Sjálandi og deildu þátttakendur eigin reynslu m.a. af námssöguskráningum og hvernig þær geta nýst til að skipuleggja leikskólastarf sem tekur mið af áhuga og þörfum barna sem nýtast í samstarfi við fjölskyldur þeirra. Einnig voru deildarstjórnarnir fræddir um mismunandi skráningaaðferðir, svo sem með ljósmyndum og myndböndum, með spjaldtölvum (iPad) eða á pappír og hvaða aðferðir eru heppilegastar til að gefa sem besta heildarmynd af námi barna í leikskólum. Þátttakendur höfðu mismikla þekkingu og reynslu af skráningum og því urðu skoðanaskipti og miðlun reynslu afar gefandi á þessum fundum.

Til að byrja með voru deildarstjórunum kynnt hugmyndafræðin að baki námssögum. Einnig ræddu deildarstjórnarnir mikilvægi þess að fylgjast með styrkleikum barna og áhugasviði, hvað þau kunna og geta. Lögð var áhersla á að deildarstjórnarnir byrjuðu smám saman að skrá niður það sem börnin voru að fást við í leik og hvaða nám leikurinn felur í sér. Meginhugmyndin var sú að deildarstjórnarnir opnuðu augun fyrir því námi sem felst í leik og daglegu starfi og fengu þjálfun í að skrá niður það sem fyrir augum ber.

Haustið 2013 hófu deildarstjórnarnir að prófa sig áfram með námssögur. Á mánaðarlegum fundum hittust deildarstjórnarnir ásamt verkefnastjórum (sjá mynd 1). Til að byrja með gætti óöryggis meðal deildarstjórana um hvað þeir ættu að skrá og hvernig og hvort þeir kæmst yfir að skrá nokkrar námssögur fyrir öll börnin. Fljótlega var ljóst að allt starfsfólk deilda varð að taka þátt í námsmati og að virkja þyrfti alla til að skrá. Því var lögð áhersla á að deildarstjórnarnir fengju allt starfsfólk með sér í að skrá og ræða um námssögur.



Mynd 1

Vorið 2014 var sjónum beint að því hvaða aðstæður ætti að velja til að skrá, hversu oft ætti að skrá námssögur og farið var að ræða hvernig staðið skuli að túlkun á námssögum, ígrundun og umræðum um þær (sjá mynd 2). Þar er þáttur samstarfsfélaga, foreldra og barnanna sjálfra veigamikill. Einnig voru ræddar áhyggjur af því hvernig námssögur nýtast til að fylgjast með börnum sem starfsfólk hefur áhyggjur af að framfarir í námi séu ekki sem skyldi.



Mynd 2

Tími fór í að ræða hvernig námssögur nýtast starfsfólki til að skipuleggja leikskólastarf út frá áhugasviði barnanna og þörfum og hvernig sú innsýn og þekking sem starfsfólk fær á námi barna við skráningu námssagna nýtist. Umræða um hvernig viðmið Aðalnámskrá og skólanámskrá um nám barna nýtast í námssögugerð fór einnig fram og hvernig hver leikskóli fer að því að aðlaga námssögugerð sérstöðu leikskólans. Verkefnið var metið á fundi deildarstjóranna í lok nóvember 2013 og aftur í apríl 2014.

Niðurstöður

Á fyrsta fundi hópsins töluðu margir deildarstjóranna um að þeir væru að nota „heimagerða“ gátlista til að meta nám barnanna. Gátlistarnir voru aldursmiðaðir og byggðu á nokkrum atriðum sem talin voru gefa vísbendingu um þroska barnanna. Getur barnið hoppað á öðrum fæti, byggt turn úr þremur kubbum, klippt eftir línu, farið eftir einföldum fyrirmælum voru viðmið sem var að finna í listunum. Oft voru settar upp aðstæður í leikskólunum fyrir foreldraviðtöl til að athuga hvort börnin höfðu náð tiltekinni færni og merkt við „getur“ eða „getur ekki“. Einnig notuðu allir deildarstjórnarnir Hljóm-2 könnunina sem er staðlað próf sem prófar hljóðkerfisvitund

barnanna og fylgdu leiðbeiningunum sem því fylgdi varðandi fyrirlögn. Gátlistana og niðurstöður Hljóm-2 könnunarinnar nýttu deildarstjórnir í foreldraviðtölum til að gera grein fyrir stöðu barnanna. Einnig sýndu deildarstjórnir foreldrunum verk barnanna og teikningar í viðtölunum og ræddu almennt um líðan þeirra, féлага og leik.

Hvað er mikilvægt að meta?

Deildarstjórnir voru sammála um að þeir teldu mikilvægast að fylgjast með og meta félagslega þætti í námi leikskólabarna, svo sem samskipti þeirra, vináttu og hvort þau geti sett sig í spor annarra. Einnig tilfinningalega þætti svo sem líðan barnanna, skilning þeirra á eigin getu og hvar styrkleikar þeirra liggja. Deildarstjórunum fannst áhugavert að kynnast aðferðum til að skrá og skilja nám barnanna betur, að prófa að hafa opinn huga, ekki vera of fljótur að ákveða hvað hafði gerst og geta þannig mætt þörfum þeirra betur. Þeim fannst skráning á námi barnanna vera góð leið til að gera starf leikskólanna sýnilegra fyrir foreldrum. Þeir sáu strax í upphafi verkefnisins að námssögur gætu nýst vel í að opna á samræður og upplýsingamiðlun milli þeirra og foreldranna (sjá mynd 3).



Mynd 3

Hvernig á að skrá námssögur?

Á fundi deildarstjóra í október 2013 á leikskólanum Ökrum var farið yfir hvernig best væri að standa að skráningu á námssögum. Rætt var um ljósmyndaskráningu, myndbandsupptökur, verk barnanna og mikilvægi þess að hlusta á ólíkan tjáningarmáta barna og skrá hugmyndir barnanna. Deildarstjórunum fannst áskorun í því að sjá börnin sem sterk, skapandi og mikils megnug og að skrá og ígrunda með opnum huga án þess að láta staðalímyndir um börn hafa áhrif á skráninguna. Þeim fannst ábyrgð sín sem skrásetjari vera mikil, fram kæmu mörg sjónarhorn sem kallaði á margræðan skilning á hverri sögu sem skráð er. Í ljósi þess töldu þær mikilvægara að allir starfsmenn

leikskólans kæmu að því að skrá námssögur en ekki eingöngu deildarstjórnir. Því fólst næsta skref í verkefninu í að fá aðra starfsmenn til að þjálfra sig í að skrá námssögur. Deildarstjórnir lögðu fram eftirtalda punkta sem stuðning fyrir sig og samstarfsfólk sitt í námssöguskráningunum:

- *Hvað gerðist?*

Starfsfólk lýsir því sem fyrir augu ber og tekur ljósmyndir/ myndband eða skráir atburðinn skriflega. Sagan fjallar um eitthvað sem barnið gerir eða getur, hvernig samskipti það hefur við aðra og hvernig það tekst á við viðfangsefni. Skráðir eru styrkleikar barnsins og hæfni og á hvern hátt hneigð þess til náms birtist í samskiptum og athöfnum.

- *Hvaða nám fer fram?*

Sagan er rædd og ígrunduð með samstarfsfólki, fjölskyldu barnsins og barninu sjálfu og til að fá fram þeirra sjónarhorn gagnvart því sem gerðist, greina og bæta inn í söguna framfarir þess og líðan.

- *Hvaða tækifæri til frekara náms felast í sögunni?*

Ákveðið er hvernig sagan geti nýst til að styðja við nám viðkomandi barns og áhugasvið þess. Þá er átt við námsumhverfið, kennsluna og aðkomu barnahópsins að námi barnsins.

Deildarstjórnir hvöttu alla starfsmenn sinna deilda til að gera ljósmyndaskráningu. Síðan voru skráningarnar ígrundaðar á deildarfundum og rýnt í hvað má lesa úr ljósmyndunum, hvaða ferli væru þar sýnileg, hvað starfsfólki vissi um áhugasvið og hugmyndir barnsins og hvernig hægt væri að nýta söguna til að gera nám barnsins sýnilegt og að koma betur til móts við áhugasvið þess og styrkleika.

Hvernig gekk námssöguskráningin?

Þegar hópurinn hittist í nóvember 2013 á Hæðarbóli var farið yfir hvernig námssöguskráningin hafði gengið. Hver leikskóli valdi eina skráningu til að ræða nánar í hópnum. Deildarstjórnir sögðu margir að þeir og samstarfsfólk þeirra væri að flækja skráninguna of mikið og mikla hana fyrir sér. Rætt var um mikilvægi þess að starfsfólk byrjaði að skrá einfalda sögu til að fá þjálfun í að segja frá og skrá það sem fyrir augu ber en jafnframt að engin ein aðferð væri rétt í skráningu á námssögum. Einnig var lagt upp með að starfsfólki myndi smám saman þjálfast í að fylgjast með því sem börnin voru að fást við með opnum huga og leggja til hliðar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um það sem

gerðist þ.e. stunda virka hlustun í daglegu starfi; að lesa í ólíkan tjáningarmáta barna. Deildarstjórnir voru beðnir um að skrifa niður á spjöld hvað hafi gengið vel í skráningu á námssögum og hvað þeir ætli að bæta.

Mörgum fannst hafa gengið vel að skrá. Deildarstjóri sagði að það hafði „gengið vel að skrá yfirleitt eitthvað bitastætt og myndirnar voru skemmtilegar“. Honum fannst auðvelt fyrir starfsfólk deildarinnar sem var með einhverja starfsreynslu að taka þátt í námssögugerð. Á nokkrum leikskólanna hafði tekist að fá þátttöku alls starfsfólks deildarinnar til að skrá.

Mikilvægi þess að þjálfa sig í að skrá námssögur kom berlega í ljós hjá einum deildarstjórninum sem sagði: „Ég er að byrja að gera þetta verkefni. Fyrst var þetta erfitt fyrir mig og núna gengur vel.“ Annar deildarstjóri sagði: „Fyrir mig, þarf ég bara að halda áfram að æfa mig að gera þetta verkefni.“

Deildarstjóri lýsti vel þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hafði hjá honum við að kynnst þessari matsaðferð. Hann sagði:

Það hefur gengið vel að skrá niður og tileinka sér nýja sýn á leik/athafnir barnanna. (Deildarstjóri 20. nóvember 2013.)

Þar átti hann við að nú var hann farið að fylgjast með getu og styrkleika barnsins á annan hátt en áður.

Tímaleysi og annríki truflaði námssöguskráningarnar. Deildarstjóri lýsti því vel þegar hann hrósaði sigri yfir því að hafa náð að gera skráningu. Hann sagði: „Náði að gera skráningu. Gleðst yfir færni krakkanna í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Er oftast að hlusta á leikinn.“

Deildarstjóri ætlaði að gefa sér meiri tíma í skriflega skráningar og „eftir áramót ætla ég að virkja hitt starfsfólk deildarinnar til skráningar og finna tíma til að ígrunda saman“. Annar deildarstjóri sagði: „Ég ætla að fá fólk til að vera jákvæðara, margir óttast skráningar því þær taka tíma og svo einnig getur kunnátta á tölvu átt sinn þátt í óttanum“. Ótti og hræðsla var í fleiri hópum því annar deildarstjóri sagði:

Ég þarf að útskýra skráninguna betur fyrir samstarfsfólki. Finn að það er smá hræðsla við að skrá hvað, hvernig og hvenær. Margar spurningar sem vakna hjá starfsfólkinu. (Deildarstjóri 20. nóvember 2013.)

Hvar, hvenær, hversu oft og hvernig á að skrá námssögur?

Þegar hópurinn hittist eftir áramótin var hafist handa við að skoða hvar, hvenær, hversu oft og hvernig best væri að skrá námssögur. Eiga skráningarnar að vera skipulagðar eða sjálfsprottunar, hversu margar þurfa/eiga þær að vera og hverjir eiga a skrá. Einnig töldu deildarstjórnir sig þurfa að velta betur fyrir sér greiningu, túlkun, ígrundun og umræðum um námsögurnar.

Deildarstjórnir töldu einhverskonar blöndu af skipulögðum skráningum og sjálfsprottnum geta gengið, að hver leikskóli ákveði hversu margar námssögur ætti að skrá af hverju barni á önn og ákveða jafnvel hvaða viðfangsefni séu skráð. Síðan yrði sögum bætt við af því sem starfsfólkið teldi áhugavert að skrá. Deildarstjórnir töldu hægt að skrá námssögu einstakra barna en einnig væri gott að skrá það sem gerist í hóp. Þeir töldu líka að nýta mætti eina skráningu af barnahóp í leik, að ígrunda og lesa í skráninguna út frá hverju og einu barni sem tók þátt í hópnum.

Þær aðstæður sem deildarstjórnir töldu sýna best hugmyndir, getu og nám barnanna voru þegar þau voru að leika sér með opinn efnivið, skapandi efni og voru að fást við eitthvað sem þau höfðu áhuga á. Þá mætti greina betur frumkvæði hjá börnunum, að þau finndu lausnir og með því sköpuðust tækifæri fyrir þau til að tjá hugmyndaauðgi sína, könnun og hugmyndir. Þeim fannst stundir sem stýrðar væri af starfsfólki ekki eins gjöfular til skráningar.

Eitt af því sem fram kom á fundi hópsins í nóvember 2013 var að skoða þyrfti námssögurnar með tilliti til Aðalnámskrár leikskóla⁵, hvernig hver saga tengist þeim þáttum sem þar er rætt um að eigi að meta. Samkvæmt aðalnámskránni á að leggja áherslu á:

- alhliða þroska
- sjálfstæði

⁵ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:47


- áhugasvið
- þátttöku í leik úti og inni
- félagsfærni og samkennd
- frumkvæði og sköpunarkraft
- tjáningu og samskipti

Þegar nám barna er metið. Deildarstjóri eins leikskólans prófaði að setja upp námssögu með ofangreind viðmið í huga.

Námssaga Freyju

Skráning getur verið gagnleg þó að hún sé stutt og greini frá litlum atburði sem gerist á stuttum tíma (sjá mynd 4). Aðeins nokkrar myndir og ritaðar línur geta sagt margt bæði um nám barnsins og þau námstækifæri sem felast í leikskólastarfinu. Námssaga Freyju er gott dæmi um slíka sögu þegar hún er að vefa ásamt vinkonu sinni. Hún sýnir hvað Freyja er að takast á við, hvað hún getur og kann, hvernig hún finnur lausnir, hvaða hugmyndir hún hefur og hvernig samskipti hún hefur við vinkonu sína. Námssagan sýnir einnig hvaða tækifæri hún hefur til að fást við fínhyfingar, samskipti, sköpun og sjálfbærni í leikskólanum. Þannig nýttist skráningin til að sýna það fjölbreytta nám og starf sem fram fer í þessum leikskóla og nýttist einnig vel í samræðum starfsfólks, foreldra og barna.

Freyja að vefa
Mars 2014



Fínhyfingar
Samskipti
Sköpun
Vinna með efni við úr
náttúrunni
Verðlaust efni

Mynd 4

Námssaga Kristínar

Áður en starfsfólkið tók þátt í verkefninu um námssögurnar hafði það litið á stúlku á deildinni sem mjög öra, með mikla hreyfivirkni, eyrir oft stutt í verkefnum, samveru og fleira, bráðskörp og skýr, orðaforðinn framúrskarandi. Hún krafðist mikillar orku frá

starfsfólki og mér fannst vera kominn neikvæður tónn og þreyta í starfsfólk gagnvart henni. Mér fannst það hætt að sjá hvað hún væri ótrúlega klár, dugleg og flott. Ég ákvað því að gera skráningu með henni til að sýna mér og öðru starfsfólki hversu hæf stelpa er (sjá töflu 1). Stelpuna kalla ég Kristínu.

Kristín var í útiveru. Hún hljóp að Bjarna sem var á stóru hjóli og spurði hvort hún mætti hjóla með honum. Hann var til í það og Kristjana fór að ýta honum upp brekkuna og svo renndu þau sér saman niður aftur. Þau fóru margar, margar ferðir og hlógu og virtust skemmta sér vel. Jón náði sér í stórt hjól líka sem stóð á grasi utan við stíginn. Hjólið var þungt og hann náði því ekki af stað á grasinu. Hann baslaði í smá stund en um leið og Kristín sá hann basla rauk hún til hans og spurði hann hvort hann þyrfi hjálp. Jón játaði því og Kristín ýtti honum upp á stéttina þar sem léttara var að hjóla. Þá fór Kristín aftur til Bjarna og þau héldu áfram sínum leik.

Deildarstjórinn greindi söguna samkvæmt þeim viðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá leikskóla á eftirfarandi hátt:

Tafla 1

<i>Alhliða þroski</i>	Grófhreyfingar og samhæfing mjög góð. Kraftmikil stúlka með mjög gott úthald og styrk
<i>Sjálfstæði</i>	Sýndi mikið sjálfstæði. Var ekki háð fullorðnum og reddaði aðstæðum bæði sér og öðrum börnum til gagns
<i>Áhugasvið</i>	Finnst gaman að hjóla og göslast. Leitar í hraða og spennu
<i>Þátttaka í leik</i>	Mikil þátttaka og virkni í leiknum
<i>Félagsfærni og samkennd</i>	Sýnir góða félagsfærni, samkennd og hjálpsemi. Sér vin sinn í vanda og býður honum hjálp
<i>Frumkvæði og sköpunarkraftur</i>	Sýndi frumkvæði, gekk í málin þegar Jón þurfti hjálp
<i>Tjáning og samskipti</i>	Mjög góð, skýr og flott stelpa

Mat á námi barna á samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla að byggja á þátttöku og samvinnu alls starfsfólks leikskólans, foreldra og barna. Það á að vera rökstuddur og raunhæfur leiðarvísir um hvað og hvernig, hvenær og hvar fjölbreyttir starfsþættir leikskólans eiga að fara fram og hvar skal leggja sérstakar áherslu, t.d. þegar um heilsuleikskóla,

náttúruleikskóla eða þess háttar er að ræða.⁶ Í tilfalli leikskólans sem hér um ræðir eru gildi hans virkni og vellíðan. Deildarstjórinn skoðaði námssögu Kristínar út frá þessum hugtökum og greindi hana:

Kristín var mjög virk í útiverunni og leiknum. Hún og Bjarni stýrðu leiknum í sameingu og kom vel saman. Hún ákvað hvað hún vildi gera í útiveru út frá eigin áhugasviði og reddaði sér leikfélaga. Hún var úrræðagóð og hjálpsöm. Hún sýndi virkni og sjálfstæði í öllu sem hún gerði án allrar hjálpar frá fullorðnum. Henni virtist líða mjög vel og skemmta sér. (Ígrundun deildarstjóra, 10. apríl 2014.)

Litla hafmeyjan

Á lokafundi verkefnisins kynnti hver leikskóli eina námssögu sem valin var úr skráningum leikskólans með hliðsjón af hvað skráningin tjáir um barnið og hvaða upplýsingar má lesa úr henni. Einnig hvernig nýta má upplýsingarnar til að meta og skipuleggja starfið í leikskólanum. Eitt dæmi um skráningu var sagan af litlu hafmeyjunni úr einum leikskólanum:



Mynd 5

Kennari var búinn að skipuleggja hópatíma en ákvað að fylgja eftir áhuga stelpnanna á því að fara í íþróttir og sótti stóra þunna dýnu, lágan pall og holan kubb sem stelpurnar voru vanar að nota eins og rennibraut. Kennarinn var ánægður með að hafa sýnt sveigjanleika og leyft stelpunum að gera það sem þeim langaði til. Kennarinn lagði dýnuna á gólfíð og stillti pallinum upp fyrir framan hana. „Rennibrautina“ setti hann við

⁶ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011: 35.

hliðina á dýnunni og ætlaði að láta stelpurnar fara í röð og nota leikefnið hvert á eftir öðru svo þær gætu farið í hring. Stelpurnar byrjuðu að stíga upp á pallinn og hoppa ofaná dýnuna en ein þeirra settist á gólfið og setti kubbinn ofan á fætuna. Kennarinn sagði við stelpuna: „Þú verður að setja kubbinn á gólfið svo þið getið rennt ykkur á honum. Stelpan horfði þá á kennarann, brosti sínu blíðasta og sagði: „Ég er hafmeyja“ (sjá mynd 5). Kennarinn skammast sín örlítið fyrir að hafa ætlað að ákveða fyrir þær hvað þær gerðu við leikefnið og sagði að þær mættu vera hafmeyjur. Stelpurnar höfðu nú hópast í kringum „hafmeyjuna“ og hún stóð upp og stýrði leiknum, sagði hver má vera hafmeyja næst. Allar höfðu mikinn áhuga á þessum leik og þær skiptust á að leika hafmeyjur. Þegar allar höfðu fengið að prófa að leika hafmeyjur skriðu þær undir pallinn sem hafði breyst í búr og voru síðan vondar kisur í búri. Daginn eftir var kennarinn búin að skipuleggja orðaspjallsstund og fannst voða sniðugt að nota sögu um hafmeyju. Stelpurnar hlustuðu með athygli og lærðu ný orð en þegar þær fengu að leika sér frjálst voru þær allar hundar. Sem kennari lærði ég mikið á þessu. Ég hélt að ég væri svo opin og sveigjanleg en ætlaði samt að stjórna því hvernig stelpurnar túlkuðu og notuðu leikefnið. Við verðum að átta okkur á því að við getum ekki skipulagt ímyndunarheim þeirra. (Frásögn deildarstjóra af námssögu úr hópatíma 7. apríl 2014.)

Af hverju eiga börn að ígrunda eigið nám?

Þegar börn ígrunda námssögur sínar er líklegt að fram komi meiri upplýsingar sem geri námssöguna fyllri, en jafnframt er ígrundunin gott tækifæri til að vinna með sjálfsmynd barna. Deildarstjórnir veltu fyrir sér af hverju börnin ættu að taka þátt í námssögugerð og að meta nám sitt. Er ekki nóg að starfsfólk og foreldrar ræði saman um nám barnanna? Þegar börn skoða t.d. ljósmyndaskráningu og heyra sögu af því sem þau voru að fást við gefast tækifæri til að fá fyllri mynd af því sem þau eru að velta fyrir sér. Þá spyr starfsfólkið opinna spurninga eins og „manstu þegar þú varst að mála myndina af regnboganum?“ Þá getur komið í ljós að barnið var alls ekki að mála regnboga, heldur snjóplóg, eins og einn deildarstjórnanna upplifði í samtali við barn. Fjörug umræða fór fram í hópnum um það sem starfsfólk leikskóla gefur sér oft fyrirfram um hugmyndir barna og gjörðir, annars vegar skráning með opnum huga og hins vegar ígrundun með barni. Því var talið mikilvægt að fylgja því ferli sem mynd 6 sýnir í námssögugerð.



Mynd 6

Börn sem starfsfólk hefur áhyggjur af

Á fundi hópsins í mars komu til tals börn sem olli starfsfólki leikskólans áhyggjum. Var barn að taka nægilegum framförum? Þarf barnið aðstoð? Hvernig styðjum við barn sem er feimið og/eða óöruggt, eða á í erfiðleikum með að einbeita sér, á erfitt með að tengjast öðrum og eiga samskipti. Rætt var um kosti og annmarka námssagna í að meta nám allra barna og framfarir og hvernig aðferðin nýtist í mati á námi barna sem starfsfólk hefur áhyggjur af. Eftir nokkrar umræður töldu deildarstjórnarnir aðferðina geta nýst vel og að mikilvægt væri fyrir öll börn að styrkleikar þeirra og færni væri skráð og haldið á lofti en að þau væru jafnframt aðstoðuð við það sem vefst fyrir þeim. Deildarstjóri tók dæmi af stúlku í barnahópnum á deildinni sinni. Hún var talin eiga í erfiðleikum með að einbeita sér, var afskiptasöm og trúð sér í leik hjá öðrum börnum. Þegar starfsfólkið á deildinni fór að fylgjast með henni og skrá athafnir hennar með námssöguaðferðinni og með styrkleika hennar í huga, þá birtist mynd af stúlku sem var forvitin og áhugasöm um umhverfi sitt. Þannig sýndi námssaga hennar styrkleika stúlkunnar og hvernig og við hvaða aðstæður ætti að styðja hana áfram í námi sínu.

Mat á verkefni

Deildarstjórnarnir voru beðnir um að meta þróunarverkefnið á lokafundinum. Þeir voru spurðir að því hvernig verkefnið hafi nýst þeim í starfi. Deildarstjóri sagði:

Mjög vel, bæði við að meta nám barnanna, í foreldrasamtölum og til að meta mitt starf og mín áhrif á leik barnanna.

Einhverjir töldu sig hafa fengið betri skilning á hugmyndum barnanna. Deildarstjóri sagði:

Ég hef fengið betri innsýn inn í hugarheim barnanna. Er orðin duglegri að leyfa þeim að leika í frjálsum leik og sjá betur styrkleika barnanna. Maður kynnist börnunum betur, bæði með því að bakka til baka og gefa sér tíma til að horfa án þess að skipta sér að plús það að ígrunda!

Annar deildarstjóri tók undir þessi sjónarmið og sagði:

Ég horfi á leikinn með öðrum augum. Nýti hvert tækifæri sem gefst til að skrá. Það sem börnin eru að gera/tala um í leiknum. Ég fylgist betur með samskiptum þeirra og hvað þeim fer á milli. Ég horfi á hver þeirra styrkir eru og hvernig hægt er að nýta betur þessa styrkleika.

Varðandi börn sem starfsfólk hefur áhyggjur af, þá sagði deildarstjóri:

Ég held að ég muni sjá börnin í öðru ljósi. Maður lærir að þekkja börnin betur. Held þetta muni hjálpa okkur að hjálpa þeim börnum sem eru t.d. í félaglegum erfiðleikum.

Annar deildarstjóri sagði að hann fyndi betur hvað það skiptir miklu máli fyrir barnið að finna fyrir styrkleikum. Deildarstjóra fannst verkefnið hafa styrkt sig í því sem hann væri að gera í daglegu starfi og hvatt hann til að standa með börnunum. Honum fannst verkefnið hafa gefið sér nýja vídd í mati á færni og frammistöðu barna.

Þó voru ekki allir þátttakendur sem gátu nýtt sér verkefnið. Deildarstjóra fannst verkefnið ekki nýtast sér nægilega mikið í starfi en vonaðist til að geta farið að nýta sér það markvisst næsta haust. Annar sagðist ekki hafa getað „hellit sér“ út í að framkvæma margar skráningar/námssögur en þekkingin sem hann hafi öðlast myndi pottþétt nýtast í starfinu á næstunni. Í upphafi verkefnisins var þekking þátttakenda mismikil og aðstæður í leikskólunum ólíkar. Í hverjum leikskóla þróuðust skráningarnar því á mismunandi hátt.

Deildarstjórarnir voru spurðir að því hvernig þeir leggja til að haldið verði áfram með verkefnið í sínum leikskóla. Deildarstjóri svaraði:

Við munum gera námsögur um börnin og greina þær og nýta í foreldrasamtölum og setja í einstaklingsmöppur. Ég vil líka fá álit barnanna.

Kom fram í svörum deildarstjóra að starfsfólk væri jákvætt að halda áfram með þetta verkefni og vera dugleg að hvetja allt starfsfólk að tileinka sér þessa aðferð í starfi. Einnig ætluðu margir deildarstjórar að gera ferilmöppu eða námsmöppu fyrir hvert barn sem fylgdi því frá upphafi leikskóladvalar til loka hennar. Deildarstjóri sagði:

Gaman væri að allir gengju inn í verkefnið. Og skrefin verða tekin fram á við og ég hef fulla trú á okkur sem hóp að verða góð í þessu.

Annar deildarstjóri ætlaði að kynna verkefnið fyrir öllu starfsfólki og „hafa möppur með glærunum frá námskeiðinu og hugmyndir hvernig við stöndum að námssögugerð þannig að hver geti valið sína eigin nálgun á verkefninu.“ Nokkrir deildarstjórar nefndu að þeir vildu fá umfjöllun um námssögur á fundi fyrir allt starfsfólk leikskólans í haust.

Deildarstjóri tók fram í mati á verkefninu mikilvægi þess að tala alltaf um börnin og foreldra þeirra af virðingu. Fram kom að mörgum deildarstjórum fannst verkefnið áhugavert, skemmtilegt og fræðandi og sagði einn að gaman hefði verið að sjá ólíkar skráningar frá leikskólunum og að niðurstaðan væri alltaf öllum til gagns og gamans. Hún sagðist fara í verkefnið áfram full af áhuga og jákvæðni.

Áætlun um kynningu

Verkefnið verður kynnt í ritrýndri grein í tímaritinu Netlu og á ráðstefnum veturinn 2014 – 2015. Einnig verður haldin ráðstefna á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í september um námssöguaðferðina sem þátttakendur í þessu verkefni munu koma að.

Lokaorð

Markmið verkefnisins var að fræða og leiðbeina deildarstjórum í átta leikskólum um notkun námssagna sem aðferð til að meta nám barna. Í upphafi verkefnisins voru deildarstjórnir að styðjast við heimagerða gátlista með afmörkuðum færniþáttum og Hljóm-2 prófið til að meta nám barnanna og framfarir. Þegar leið á verkefnið og deildarstjórnir höfðu fengið kynningu og rætt um námssögugerð og þeirri hugmyndafræði sem að baki þeim liggur fóru þeir smám saman að tileinka sér skráningar til að fylgjast með námi barnanna í leik. Ákveðin ótti og hræðsla við að skrá ekki „rétt“ kom fram bæði hjá deildarstjórum og öðru starfsfólki þegar þeir gerðu sínar fyrstu skráningar. Þegar þeir voru fullvissaðir um að engin ein söguskráning væri rétt,

heldur gæti hver leikskóli aðlagað aðferðina að sinni stefnu og áherslum í starfi fóru skráningarnar að ganga betur. Kynningar leikskólanna á þeim námssögum sem deildarstjórnir höfðu gert og þær ólíku aðferðir sem þeir notuðu nýttust þeim vel og urðu góðar umræður og ígrundun um sögurnar á fundunum. Einnig urðu líflegar umræður á fundi um aðkomu foreldra og barnanna sjálfra að umræðum og túlkun á sögunum.

Deildarstjórnir töluðu um að þátttaka þeirra í verkefninu hefði orðið þess valdandi að þeir fóru að fylgjast betur með leik barnanna og jafnvel að sjá þau í nýju ljósi. Þeir gerður sér far um að sjá styrkleika barnanna, getu og hæfni oft í stað þess að einblína á veikleika þeirra eða „óþekkt“. Er það í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna mikilvægi viðhorfa starfsfólks til náms og getu barna.⁷

Þó að deildarstjórnir sæu kosti aðferðarinnar og gátu tileinkað sér hana, þá olli óöryggi og tímaskortur því að ekki öllum tókst að innleiða námsöguaðferðina sem námsmatsaðferð í sínum leikskóla. Þeir sem voru ekki komnir langt á leið hugðust fá fræðslu fyrir starfsmannahópinn í haust og hefja námssöguskráningu þá. Þess skal þó getið að verkefnið var ekki skylduverkefni og völdu deildarstjórnir að taka þátt í verkefninu. Þar sem starfsfólk leikskóla hefur í mörg horn er að líta í starfi sínu er mikilvægt fyrir þá að huga að því hvernig þeir verja tíma sínum og hvernig námsmat fer fram, en það á að vera samþætt daglegu starfi. Virðist námssöguaðferðin falla vel að leikskólastarfi þar sem starfsfólk getur skráð sögur jafnhliða því að vera í návistum við börnin og styðja þau í námi sínu. Það er allavega það sem stefnt skal að.

⁷ Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Brown, 2012; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Clark, 2005, 2010; Dockett, 2008; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008; Lenz Taguchi, 2010; Robinson, 2013.

Heimildir

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“. *Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Menntavísindasvið.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Alderson, P. (1995). *Listening to children: Children, ethics and social research*. London: Barnardo's.

Brown, B. (2012). *Daring greatly*. New York: Gotham Books.

Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna. Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–119). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).

Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood education: Learning stories*. London: Paul Chapman.

Carr, M. (2002). Emerging learning narratives; A perspective from early childhood education. Í G. Wells og G. Claxton (ritstjórar), *Learning for life in the 21st century* (bls. 99–111). Oxford: Blackwell.

Clark, A. (2005). Talking and listening to children. Í M. Dudek (ritstjóri), *Children's spaces* (bls. 1–14). Oxford: Architectural Press.

Clark, A. (2010). *Transforming children's spaces. Children's and adults' participation in designing learning environments*. London: Routledge.

Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.

Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. London: National Children's Bureau.

Clark, A., Kjörholt, A. og Moss, P. (2005). *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services*. Bristol: Policy Press.

Clark, A., McQuail, S. og Moss, P. (2003). *Exploring the field of listening to and consulting with young children*. London: Department for Education and Skills.

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood education and care: Postmodern perspective* (2. útgáfa). London: Routledge.

Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna – Börn og rannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls.

33–49). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).

Doverborg, E. og Samuelsson, I. P. (2000). *Att förstå barns tankar*. Stockholm: Liber.

Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (1993). *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach to early childhood education*. Norwood, NJ: Ablex.

Hargreaves, A. (1994). *Changing teachers, changing times: Teachers work and culture in the postmodern age*. Toronto: The Ontario Institute for Studies in Education.

Kemmis, S. og McTaggart, R. (1988). *The action research planner* (3. útgáfa). Victoria, Australia: Deakin University Press.

Koshy, V. (2008). *Action research for improving practice: A practical guide*. London: Sage.

Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008). Námssögur. Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).

Lenz Taguchi, H. (2010). *Going beyond the theory/practice divide in early childhood education. Introducing an intra-active pedagogy*. London: Routledge.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Malaguzzi, L. (1993a). For an education based on relationships. *Young Children*, 11(93), 9–13.

Malaguzzi, L. (1993b). History, ideas and basic philosophy. Í C. Edwards, Gandini, L. og Forman, G. (ritstjórar), *The hundred language of children* (bls. 57–61). Norwood, NJ: Ablex.

McNiff, J., Lomax, P. og Whitehead, J. (2003). *You and your action research project* (2. útgáfa.). London: Routledge/Falmer.

Menntamálaráðuneytið. (1985). *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili: Markmið og leiðir*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1993). *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Rinaldi, C. (2005). Documentation and assessment: What is the relationship? Í A. Clark, A.T. Kjörholt og P. Moss (ritstjórar), *Beyond listening. Children's perspectives on early childhood services* (bls. 29–49). Bristol: Policy Press.

Rinaldi, C. (2006). *In dialog with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.

Robinson, K. (2013). *Finding your element. How to discover your talents and passions and transform your life*. New York: Viking.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1989). Sótt 2. júlí 2013 af http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/.